



Fréttatilkynning

28 February 2021 16:00:00 GMT

Arion banki: Útgáfa áskriftarréttinda

Vísað er til tilkynningar frá Arion banka hf. þann 17. mars 2020 varðandi niðurstöður aðalfundar bankans og síðari tilkynningar um leiðréttingu á niðurstöðum fundarins. Í tilkynningunni kom m.a. fram að hluthafar hefðu veitt stjórn bankans heimild til að selja og gefa út allt að 54.000.000 áskriftarréttinda að nýjum hlutum í bankanum.

Heimildinni var bætt við samþykktir bankans sem grein 4.9.

Tilgangur útgáfunnar er m.a. að stuðla að virkri verðmyndun með hlutabréf í bankanum í kauphöll og gera starfsfólki og öðrum fjárfestum kleift að fjármagna til langs tíma kaup á hlutabréfum í bankanum með fyrirfram þekktri áhættu.

Áskriftarréttindin voru boðin til sölu í lokuðu útboði sem fór fram 25. og 26. febrúar 2021. Íslensk verðbréf hf. höfðu umsjón með útboðinu. Útboðið var undanþegið gerð lýsingar þar sem heildarverðmæti þess er lægra en 8.000.000 evra, sbr. 3. gr. laga nr. 14 /2020. Tilkynning um útboðið var send til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands með tveggja vikna fyrirvara í samræmi við lög.

Byggt á tilboðum fjárfesta í útboðinu hefur stjórn bankans ákveðið að gefa út 54.000.000 áskriftarréttinda þar sem 15,6 krónur eru greiddar fyrir hvern áskriftarrétt. Heildarsöluverð í útboðinu er því 842.400.000 krónur. Útgáfan nemur um 3% af heildarhlutafé bankans. Fagfjárfestum sem eru virkir á hlutabréfamarkaði, öllu starfsfólki bankans og Stefnis hf. og lykilstarfsfólki annarra dótturfélaga bankans bauðst að taka þátt í útboðinu. Um það bil 48,5% af heildarútgáfunni voru seld til um 150 starfsmanna bankans og dótturfélaga og um 51,5% af útgáfunni voru seld til fagfjárfesta.

Heimilt er að nýta áskriftarréttindin fjórum sinnum, í 30 daga gluggum; í kjölfar birtingar á uppgjöri þriðja ársfjórðungs 2023, ársuppgjöri fyrir 2023, og uppgjörum fyrsta og annars ársfjórðungs 2024. Áskriftargengið er meðaltal dagslokagengis 25. og 26. febrúar, kr. $120 \times (1 + 8,0/100)^t$, þar sem t merkir tímann frá útgáfu áskriftarréttindanna og þar til þau eru nýtt (reiknað með því að deila fjölda daga miðað við 30 daga í mánuði með 360). Áskriftargengið og/eða mögulegur fjöldi hluta sæta leiðréttingu komi til arðgreiðslna, hlutafjárhækkana eða annarra sambærilegra atburða í bankanum.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.



Viðhengi

[Arion banki: Útgáfa áskriftarréttinda](#)